

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1606*  
*komudagur 26.4.2005*

Hólum í Hjaltadal  
25. apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofu Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Varðar: Jarðgöng á utanverðum Tröllaskaga

---

Íbúasamtökin út að austan í Skagafirði ítreka fyrri erindi varðandi jarðgöng á utanverðum Tröllaskaga.

Samtökin sendu athugasemdir til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar jarðgangnagerðar í september 2001. Í framhaldi af þeim athugasemdum hafa samtökin endurtekið sent bréf til samgönguráðherra og samgöngunefndar þess efnis að endurskoða beri áætlanir um jarðgangnagerð á Tröllaskaga með hagsmuni íbúa báðu megin skagans í huga.

Í ljósi þess að Samgöngunefnd Alþingis fjallar nú um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 vilja samtökin minna á og ítreka fyrri athugasemdir og erindi varðandi fyrirhugaða jarðgangnagerð á utanverðum Tröllaskaga.

Bættar samgöngur á utanverðum Tröllaskaga er mikið hagsmunamál fyrir Skagfirðinga jafnt sem Eyfirðinga og í raun Norðurlands alls. Það er álit íbúasamtakanna að sú leið sem varð fyrir valinu, þ.e. Héðinsfjarðarleiðin sé ekki hagkvæmasti kosturinn.

Um mikla fjármuni er að ræða og er það krafa íbúasamtakanna í austanverðum Skagafirði að þeim fjármunum verði varið á skynsamlegan hátt og þannig að þeir nýtist sem flestum. Það er á ábyrgð stjórnámálanna að svo verði.

Virðingarfyllt

f.h. Íbúasamtakanna út að austan

---

Laufey Haraldsdóttir  
Nautabúi  
551 Sauðárkrókur

---

Bjarni Þórisson  
Mannskaðahóli  
566 Hofsós